



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 4. mars 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:10 - 20:30.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Rán Reynisdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Kolbeinn Stefánsson, Viggó K. Jóhannsson og Laufey Ólafsdóttir. Hjalti Hrafn Hafþórsson og Katrín Baldursdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Funndargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Sósíalístaþing 6. apríl í Bío Paradís; dagskrá, þjónustunefnd, blær og tilgangur

Hugmynd um að prenta bækling til að dreifa á þinginu sem kynnir flokkinn, starfsemina og stefnuna.

Sigrún og Viggó verða fulltrúar framkvæmdastjórnar í sameiginlegri þjónustunefnd stjórnanna sem mun sjá um tæknimál og veitingar fyrir þingið.

Tvo til þrjá þarf í móttökunefnd til að taka vel á móti fólkinu.

Þingfólk finni að það séu störf fyrir það innan flokksins og það verði hvatt til að taka þátt í flokksstarfinu.

Áréttað að á þinginu verði lögð áhersla á mannúð sósíalísmans, einfaldleika stefnunnar og hvernig hún sé sjálfsagt andsvar við þjóðfélagsþróun síðustu áratuga.

3. Súpueldhús, fjáröflunarkvöldverður 6. mars

Samþykkt að selja bjór.

4. Mótmæli; sniðganga Haga á föstudag, samstaða með láglauakonum á næsta föstudag, 8. mars

Stefnt að því að halda fleiri sniðgöngumótmæli og að hafa kakó og kleinur á samstöðumótmælunum 8. mars.

Maístjarnan, stuðningur við hagsmunabaráttu hinna verr settu: Leigjendasamtökin, Námsmannahreyfingin, Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum, Félag strætófarþega, Félag uppkominna fósturheimilisbarna, Félag greiðenda LÍN-lána o.fl.

Sósíalistakaffi um stofnun hagsmunasamtaka á vegum Maístjórnunnar verður haldið þann 13. mars.

6. Útbreiðslumál, þ.m.t. umræðuvettvangur á Facebook

Sanna las drög að samskiptareglum sem nokkrar flokkskonur settu saman. Þetta verður unnið frekar og tekið upp á næsta fundi.

7. Fjárhagur flokks og Maístjórn, staða á reikningum

Sigrún hefur tekið við af Laufeyju sem gjaldkeri framkvæmdastjórnar.

Staða á reikningum: Flokkurinn: 404.063 kr., Maístjarnan: 1.710.659 kr.

8. Önnur mál

Flokknum hefur boðist að kaupa vefslóðina xj.is og var samþykkt að gera það.

Sigrún sagði frá ganginum í smíði sviðs á bílaflutningakerru í hennar eigu og 15.000 kr. fjárveiting til verksins var samþykkt.

Fundi slitið.